



Ný umsögn um stjórnarfrumvarp um nálgunarband Frá Stígamótum fræðslu- og ráðgjafarmiðstöð um kynferðisofbeldi (Ítarlegri en fyrri umsögn)

Frumvarp dómsmálaráðherra um nálgunarband er mikilvæg réttarbót sem stuðlar að því að konum og börnum þeirra sé gert kleift að búa á eigin heimili og njóta þar friðhelgi. Stígamótakonur fagna því heilshugar. Við leggjum þó til tvær breytingartillögur sem að okkar mati myndi gera frumvarpið enn betra.

Í Noregi þar sem lagaákvæði um nálgunarband hefur verið í gildi frá 1. janúar 1995, hefur farið fram rannsókn á gildi þess (Anne Kari Braathen og Stine Mollstad Novsjø). Í ljós kom að notkun þess var mjög mismikil eftir lögregluumdæmum, mest á þéttbýlustu svæðunum og nær engin á öðrum. Því miður finnast þar í landi of mörg dæmi um alvarlegt ofbeldi og morð sem hefði mögulega verið hægt að fyrirbyggja með notkun lagaákvæðisins um nálgunarband. Notagildi ákvæðisins ræðst því fyrst og fremst af því að lögreglumenn og dómara séu vel upplýstir um hvernig það megi og eigi að nota. Við mælum því eindregið með því að inn í löginn verði bætt ákvæði um öflugna fræðslu til lögreglumanna og dómara um allt land.

Einnig leggjum við til að við 3. grein b. liðar bættist eftirfarandi:
“synji lögregla beiðni um nálgunarband, getur sá sem ógnað er, leitað úrskurðar dómara.“

Við erum sammála þeirri meginreglu að það sé lögregla sem setji fram kröfu um nálgunarband. En ef til þess kæmi að lögregla synjaði slíkri beiðni, ætti sá eða sú sem ógnað er, engra úrkosta. Lagaákvæðið gæti því reynst of þröngt og því leggjum við til þessa breytingu.

Hugmyndir að frekari aðgerðum

Stígamótakonur gera sér grein fyrir því að í önnum síðustu þingdaga, er erfitt að koma að nýjum hugmyndum. Við getum þó ekki stillt okkur um að nefna hugmyndir um frekari aðgerðir sem tengjast nálgunarbandi, en ganga mun lengra og hafa þegar verið framkvæmdar í Evrópu.

Nálgunarband veitir þeim konum og börnum ákveðna vernd sem ekki búa með ógnvaldinum. Í mörgum tilfellum er það hins vegar þannig að það er heimilisfaðirinn sem veldur því að kona og börn þurfa að flýja af heimilinu. Í þeim tilfellum verndar friðhelgi heimilisins ofbeldismanninn, en er gagnslaus fyrir aðra fjölskyldumeðlimi.

Lögfræðingar hafa sagt okkur Stígamótakonum að núverandi löggjöf gefi möguleika á að fjarlægja ofbeldismenn af heimilum á þeim forsendum að friðhelgi eins eigi ekki að vera ríkari en réttur annarra til persónufrelsis. Lögunum hefur bara ekki verið beitt þannig og

þó það hefði verið gert, er engin lagaheimild til, sem heldur ógnvekjandi mönnum í burtu frá þeim sem stafar hættu af þeim.

Til þess að auka réttaröryggi kvenna og barna sem við slíkar aðstæður búa, má benda á lög frá árinu 1997 í Austurríki. Þar í landi er heimild fyrir því að fjarlægja ofbeldismenn af heimilum sínum ógni þeir öryggi sambylifsólks síns. Þeirri brottvísun er fylgt eftir með nálgunarbanni og fá ofbeldismenn upplýsingar um mögulega gististaði utan heimilisins. Löggin hafa virkað það vel að í nágrennaríkjunum Frakklandi og Þýskalandi er rætt um að fara að dæmi Austurríkismanna.

Á síðustu norrænu ráðstefnu kvennaathvarfa og “miðstöðva gegn kynferðisofbeldi” í Noregi í sept. sl. “Nordiske kvinner mot vold”, var samþykkt áskorun til þjóðþinga Norðurlandanna um að taka Austurríkismenn til fyrirmyndar og tryggja raunverulega friðhelgi saklausra borgara. Sú áskorun var kynnt fulltrúum allra íslenskra þingflokka í október sl.

Úttekt Rosu Logar á þessum nýju lögum ásamt öðrum aðgerðum til að fyrirbyggja ofbeldi gegn konum í Austurríki fylgir hér á eftir. Austurrísku löggin gera ráð fyrir að ofbeldismaður sem ógnar lífi, heilsu eða frelsi annarra heimilismanna, hverfi af heimilinu í sjö daga. Eftir tvo daga eiga yfirvöld að hafa kannað ástæður brottvísunarinnar og breytt ákvörðuninni ef rökstuðningur er ekki fullnægjandi. Polandi ofbeldisins getur ekki beðið um að banninu verði aflétt, nema að gengið hafi verið úr skugga um að aðstæður hafi breyst. Lög þessi vernda allt heimilisfólk fyrir ofbeldi, óháð því hvort um skyldleika er að ræða eður ei. Þannig mætti fjarlægja leigusala sem ógnar leigjanda sínum, án þess að eignarhald skipti máli.

Telji kona að öryggi sínu sé ógnað getur hún beðið um tímabundið nálgunarbann innan sjö daga frestsins. Það bann gildir í þrjá mánuði og hægt er að framlengja það ef óskað hefur verið eftir skilnaði innan þess tíma eða aðrar gildar ástæður eru fyrir hendi.

Árið 1998 var 2673 ofbeldismönnum vísað af heimilum sínum samkvæmt nýju lögnum. Búið var við andstöðu við notkun ákvæðisins, en reynslan hefur sýnt að lögnum var beitt. Pappírsvinna hefur reynst hindrun fyrir notkun ákvæðisins, því auðvitað er þess krafist að brottvísunin sé vel rökstudd. Því hefur lögreglan að sögn Rosu Logar freistast til þess að leita sátta, eða fá ofbeldismanninn til þess að yfirgefa heimilið af frjálsum vilja. Slíkt þýðir hins vegar að honum er frjálst að snúa aftur ef honum þóknast.

Komið hefur í ljós að brottvísunin hefur í flestum tilfellum virkað. Félagslegur þrýstingur hefur verið mikill og í kynningu á hinum nýju lögum var yfirskriftin “Rauða spjaldið gegn ofbeldi”, þar sem vísað er til fótboltareglna. Í Austurríki hefur ekki komið til álita að handtaka ofbeldismennina, eins og gert er í öllum ríkjum Bandaríkjanna. Slíkt segir Rosa að forði mönnum frá smán, en þeim séu settar strangar félagslegar skorður.

Fyrsta árið voru lagðar fram 577 beiðnir um nálgunarbann til þess að fylgja eftir brottvísun og af þeim voru 462 samþykktar, 52 hafnað og 63 óafgreiddar þegar greinin var skrifuð. Nýju löggin vernda ekki fólk fyrir mjög grófu ofbeldi. Í slíkum tilfellum


dugar ekkert minna en gæsluvarðhald og/eða strangar öryggisráðstafanir fyrir þá sem ógnað er. Rosa segir að heimilisofbeldi sé oft vanmetið og þeir sem eru í hættu séu sjaldan varaðir við. Þannig geti ráðleggingar um að yfirgefa ofbeldismanninn beinlínis verið hættulegar þar sem hættulegasta ofbeldinu sé beitt við skilnað og sambúðarslit.

Til þess að varnaraðgerðir gegn ofbeldi verði sem bestar þurfa að fara fram frekari rannsóknir á áhættuþáttum. Áhættumat er grundvöllurinn fyrir því að réttum aðgerðum sé beitt hverju sinni.

Stígamótakonur fagna frumvarpi dómsmálaráðherra um nálgunarbann og mæla eindregið með samþykkt þess. Við stingum þó uppá tveimur breytingum sem við teljum að myndu styrkja það enn frekar. Auk þess hvetjum við til frekari metnaðarfullra aðgerða til þess að tryggja réttaröryggi þeirra sem búa við ofbeldi og létum því fljóta með hugmyndir að slíkum aðgerðum.

Reykjavík 28.4.2000

Með vinsemi og virðingu



Rína Jónsdóttir
fræðslu- og kynningarfulltrúi